




SPRUNGUR

Á Reykjanesinu þar sem flekaskilin ganga á land verður manni hugsað til þess hvort það sé eitthvað til sem heitir fast land undir fótum.

Hreyfing og hægfara ferðalag jarðskorpunnar er líka táknrænt fyrir landamæri og hnattræna staðsetningu fólks sem skiptir örlög allra sköpum.

Gliðnunin getur líka vísað til ósemju eða dilkadrátta en samt sem áður gerist það oft að sprungur sem myndast fyllast aftur af einhverju nýju.



GENGIÐ Í KRINGUM SUNDMARKIÐ II

Fyrir þessa sýningu gafst okkur færi á að hafa vinnuáðstöðu í gamla samkomuhúsinu í Höfnu. Þetta var snemma í vor og það gaf mér færi á að fylgjast með vorkomunni á þessum slóðum. Litakort vorsins hefur lengi heillað mig. Eftir kalдар stókur vetrarins eru litirnir velktir og samanrunnir. Rauðbrúnir, gulir og móskugrænir finnast í sinu og lyngi meðan fléttur og skófir bjóða upp á kraftmeiri tóna í samspili við dökkleitt basaltið.

Í apríl og maí gekk ég á mörkum lands og sjávar og safnaði vatnslitaprufum í skissubókina mína. Í einni göngunni gekk ég fram hjá myndarlegum rekaviðardrumbi sem stóð upp á endann í stórgrýttri fjörunni. Helgi sagði mér að svona staurar fyndust um Reykjanes og hefðu verið notaðir sem siglingamerki. Í huga mér hefur þessi staur tekið sér bólfestu og orðið að einhvers konar minnisvarða um þessar vorgöngur með sjónum.




FIMMFÖLD SÝN

Á vormánuðum var fimm listamönnum boðið að taka þátt í verkefni þar sem þeir unnu með upplifanir sínar af Suðurnesjunum. Áhersla var lögð á tvívíða miðla og verk á pappír. Listamennirnir eru Anna Hallin, Leifur Ýmir Eyjólfsson, Helgi Þorgils, Olga Bergmann og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Þeim gafst kostur á að hafa vinnuáðstöðu í gamla samkomuhúsinu í Höfnu. Þau gengu mörg hver um landið í kring um Hafnir og söfnuðu litaprufum og sjónarhornum sem síðan runnu inn í verkin þeirra.


Lágróður og veggjahleðslur fundu sína leið í saumspori, ströndin og höfnin mótuðust á blaði, hólar og hæðir voru rispuð á koparplötur, hugleiðingar um náttúruþyrirbæri eins og flekaskilin og jafnvel flugumferðin varð að innblæstri. Ný sýn opnaðist á kunnugleg þyrirbæri sem listamennirnir gerðu að sínum með því að tvinna þau inn í verk sín.

Verkefnið er unnið í samvinnu við:



Í byrjun gerði ég einskonar loftmyndir af Keflavíkur-flugvelli, flugbrautunum, flugvélastæðunum og hinum ýmsu tengingum á milli þessara mannvirkja. Þessar myndir minntu á einhvern hátt á borðspil. Ég velti fyrir mér aðflugi og brottflugi og loftrýminu. Áfangastaðir - allar þessar línur sem mætast og krossast og líka allir veginir sem eru mótaðir í svörðinn.

Þessar manngerðu línur sem liggja einsog net yfir hvor aðra. Líka eitthvað samtal í loftrýminu - skipulagið á jörðinni og hreyfingin í loftinu fyrir ofan. Þessar hugmyndir birtast í teikningum þar sem allt byrjar með einni hugsun, þar sem leit, samruni og endurtekning á sér stað áður en eitthvað tekur á sig mynd.



HAFNIR

Ég ákvað mjög fljótlega að gera verk tengt svæðinu. Ég hef unnið einskonar umhverfislýsingar þar sem ég hef farið og skrifað textalýsingar, sem sumar hverjar hafa komið út í bókum. Þegar ég gekk um Hafnir og skisseraði tók höfnin fljótlega athygli mína. Allskonar dót sem menn skilja eftir í kringum sig, bæði drasl og eitthvað sem hefur notagildi.

Að lokum langaði mig bara til að lýsa bryggjunni og nágrenni með því að endurtaka það sem við blasti og líka að sjá það frá mismunandi sjónhorni. Þannig varð heildin að einskonar kúbisma, margvídda, með mörgum sjónpunktum. Mér fannst strax að kolin hæfðu verkinu vel.



ESJAN

Það má segja að við val mitt á viðfangsefni koparstungnanna hafi ég hafnað alfarið manngerðu landslagi en í stað þess einbeitt mér að því fuglgerða.

Í afar skipulögðu eftirlitskerfi finna fuglarnir hæsta punktin í frekar flötu landslaginu til að geta fylgst með öðrum ránfuglum á meðan varptíma stendur.

Þegar ég komst að því að nabbarnir ofan á bungum væru afrakstur margra áratuga fugla-drits fór ég að sjá Reykjanesið með öðrum augum.

Esjan sést ágætlega frá Reykjanesinu.

(og er í raun fjallið heima hér líka.)